

Ed.

122. Nefndarálit

um till. til þál. um landhelgisgæzlu fyrir Vestfjörðum ásamt eftirliti með fiskiflotanum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndinni allri er það ljóst, að staðbundin landhelgisgæzla ásamt björgunarstarfsemi og eftirliti með fiskiflotanum, ekki einungis á Vestfjörðum, heldur einnig og engu síður í öðrum landshlutum, er sú leið, sem keppa ber að í landhelgismálum. En eins og nú er ástatt um skipakost og fjárframlög til landhelgisgæzlunnar, telur meiri hl. nefndarinnar ekki unnt að framfylgja þeirri kröfu, sem felst í þingsályktunartillögunni. Leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. okt. 1934.

Ingvar Pálmason,
form., frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson,
fundaskr.